

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2023/937****2023/EES/79/71****frá 10. maí 2023****um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 að því er varðar færslu fosfataðs dísterkjufosfats sem er framleitt úr hveitisterkju á skrá Sambandsins yfir nýfæði (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 <sup>(1)</sup>, einkum 8. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 1. janúar 2018, að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði sem er leyft eða tilkynnt um samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 <sup>(2)</sup>.
- 2) Skrá Sambandsins yfir nýfæði, sem er leyft eða tilkynnt um samkvæmt reglugerð (EB) nr. 258/97, var komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(3)</sup>.
- 3) Framkvæmdastjórnin greindi villu í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470. Þörf er á leiðréttingu til að skapa skýrleika og réttarvissu fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld aðildarríkja og tryggja þannig rétta framkvæmd og notkun á skrá Sambandsins yfir nýfæði.
- 4) Í maí 2014 leyfði lögbært yfirvald í Bretlandi nýfæðið „fosfatað dísterkjufosfat sem er framleitt úr hveitisterkju“ (fosfötuð hveitisterkja), með tilteknum skilyrðum fyrir notkun, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97. Fyrir mistök var nýfæðið ekki fært á skrá Sambandsins þegar upphaflegu skránni var komið á fót. Því er viðeigandi að bæta „fosfötuðu dísterkjufosfati sem er framleitt úr hveitisterkju“ á skrá Sambandsins yfir nýfæði.
- 5) Því ætti að leiðrétta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 til samræmis við það.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 125, 11.5.2023, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2023 frá 22. September 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjtið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjtið. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er leiðréttur í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. maí 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

VIÐAUKI

Viðaukinn við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er leiðréttur sem hér segir:

- a) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 1 (Leyft nýfæði) milli færslunnar fyrir „maíssterkja sem inniheldur fosföt“ og færslunnar fyrir „fosfatidýlserín úr fosförlípiðum úr fiski“:

„Fosfötuð hveitisterkja	Tilgreindur matvælaflokkur	Hámarksgildi	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „fosfötuð hveitisterkja“.
	Bakaðar bakarísvörur	15%	
	Pasta		
	Morgunkorn		
	Kornstangir		

- b) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 (Nákvæm skilgreining) milli færslunnar fyrir „maíssterkja sem inniheldur fosföt“ og færslunnar fyrir „fosfatidýlserín úr fosförlípiðum úr fiski“:

„Fosfötuð hveitisterkja	Lýsing:																					
	<p>Fosfatað dísterkjufosfat sem er framleitt úr hveitisterkju (fosfötuð hveitisterkja) er efnafræðilega umbreytt þolin sterkja sem er fengin úr hveitisterkju með því að sameina efnafræðilega meðhöndlun til að skapa fosfatvíxltengi innan og á milli stakra sterkjusameinda.</p> <p>Nýja innihaldsefnið í matvælum er hvítt eða næstum hvítt laust duft.</p> <p><b>Eiginleikar/samsetning:</b>  CAS-nr.: 11120-02-8  Efnaformúla: <math>(C_6H_{10}O_5)_n [(C_6H_9O_5)_2PO_2H]_x [(C_6H_9O_5)PO_3H_2]_y</math>  n = fjöldi glúkósaeyninga; x, y = sethópamyndun</p>																					
	<table border="1"> <thead> <tr> <th>Mælipáttur</th> <th>Duftform 1</th> <th>Duftform 2</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>Fosfatað dísterkjufosfat (miðað við þurrt ástand)</td> <td>≥ 85%</td> <td>≥ 75%</td> </tr> <tr> <td>Óbreytt hveitisterkja (miðað við þurrt ástand)</td> <td>≤ 15%</td> <td>≤ 25%</td> </tr> <tr> <td>Raki</td> <td colspan="2">9–12%</td> </tr> <tr> <td>Fæðutrefjar samtals (miðað við þurrt efni)</td> <td>≥ 76,0%</td> <td>≥ 66,0%</td> </tr> <tr> <td>Aska</td> <td colspan="2">≤ 3%</td> </tr> <tr> <td>Prótín</td> <td colspan="2">≤ 0,5%</td> </tr> </tbody> </table>	Mælipáttur	Duftform 1	Duftform 2	Fosfatað dísterkjufosfat (miðað við þurrt ástand)	≥ 85%	≥ 75%	Óbreytt hveitisterkja (miðað við þurrt ástand)	≤ 15%	≤ 25%	Raki	9–12%		Fæðutrefjar samtals (miðað við þurrt efni)	≥ 76,0%	≥ 66,0%	Aska	≤ 3%		Prótín	≤ 0,5%	
Mælipáttur	Duftform 1	Duftform 2																				
Fosfatað dísterkjufosfat (miðað við þurrt ástand)	≥ 85%	≥ 75%																				
Óbreytt hveitisterkja (miðað við þurrt ástand)	≤ 15%	≤ 25%																				
Raki	9–12%																					
Fæðutrefjar samtals (miðað við þurrt efni)	≥ 76,0%	≥ 66,0%																				
Aska	≤ 3%																					
Prótín	≤ 0,5%																					

Heildarmagn fitu	≤ 0,50%	≤ 0,34%
Leifabundinn fosfór	≤ 0,4% (sem fosfór)	
pH-gildi (25% grugglausn)	4,5–6,5	
<p><b>Pungmálmar:</b>  Arsen: ≤ 1 mg/kg  Blý: ≤ 2 mg/kg  Kvikasilfur: ≤ 0,1 mg/kg</p> <p><b>Örverufræðilegar viðmiðanir:</b>  Heildarfjöldi lífvænlegra örvera við loftháð skilyrði: ≤ 10<sup>4</sup> CFU/g  Heildarfjöldi ger- og myglusveppa: ≤ 200 CFU/g  <i>Escherichia coli</i>: Neikvæð prófun  <i>Salmonella</i> spp.: Neikvæð prófun  CFU: Þyrpingamyndandi einingar“</p>		